



LANDLÆKNISEMBÆTTID

# TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

3. árg. 9. tölublað. September 2009.

## EFNI:

Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir árið 2008 bls. 1

Skynsamleg lyfjanotkun í heilsugæslunni bls. 2

### Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.  
Anna Björg Aradóttir  
Matthías Halldórsson

Ritstjóri  
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTID  
HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## FÓSTUREYÐINGAR OG ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR ÁRIÐ 2008

Nýlega voru gefnar út á vef Landlæknisembættisins tölur fyrir árið 2008 um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þá voru eldri tölur enn fremur endurskoðaðar og endurútfærðar.

eru aðeins fleiri aðgerðir en árið á undan en færri en árin 2005 og 2006. Eins og mynd 3 sýnir hefur heildarfjöldi ófrjósemisaðgerða heldur dregist saman hin síðari ár.




### Fóstureyðingar

Í fyrra voru framkvæmdar 955 fóstureyðingar hjá konum með lögheimili á Íslandi. Það eru nokkuð fleiri en undanfarin ár, en rétt er að hafa í huga að það gefur ekki alltaf rétta mynd að líta eingöngu til fjölda fóstureyðinga. Algengt er, m.a. í alþjóðlegum samanburði, að skoða þróun þessara aðgerða miðað við hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–44 ára. Mynd 1 sýnir að fóstureyðingum á hverjar 1.000 konur í ofangreindum aldurshópi hefur fækkað lítillega undanfarin ár, en fækkun er einnig sýnileg sé litið til fjölda fóstureyðinga miðað við hverjar 1.000 fæðingar.

Sem fyrr er það algengast að konur á aldrinum 20–24 ára gangist undir fóstureyðingu hérlandis, en tæplega 25% allra fóstureyðinga sem framkvæmdar voru í fyrra voru hjá konum í þessum aldurshópi. Strax á hæla þeirra koma konur á aldrinum 25–29 ára með 23% framkvæmdra fóstureyðinga. Mynd 2 sýnir að fóstureyðingum meðal stúlkna 19 ára og yngri fækkaði hlutfallslega árið 2008 eftir svolitla uppsveiflu árið á undan. Á hinn bóginn fjölgaði fóstureyðingum hlutfallslega í fyrra meðal þeirra kvenna sem voru yfir fertugu, eftir nokkra fækkun árin á undan.

### Ófrjósemisaðgerðir

Árið 2008 voru framkvæmdar 520 ófrjósemisaðgerðir hérlandis, sem



*Tæp 25% allra fóstureyðinga sem framkvæmdar voru árið 2008 voru hjá konum á aldrinum 20–24 ára.*

*Markmiðið með fundunum er að efla kostnaðarvitund heilsugæslulækna í vali á lyfjum.*

Á meðfylgjandi myndum eru dæmi um upplýsingar sem heilsugæslulæknum eru kynntar á fundunum, s.s. notkun lyfja í ákveðnum flokkum hjá viðkomandi heilsugæslustöð í heild og samanburður við landið allt. Jafnvel er boðið upp á að skoða lyfjaávisanir einstakra lækna.

Skýrist það fyrst og fremst af því að sífellt færri konur gangast nú undir þessar aðgerðir. Síðastliðið ár voru færri ófrjósemisaðgerðir gerðar á konum en nokkru sinni frá því talning hófst, eða 181, en þær voru hins vegar flestar árið 1986, 660 talsins.

Á sama tíma hefur orðið töluverð aukning í fjölda ófrjósemisaðgerða meðal karla. Árið 2008 voru skráðar 339 slíkar aðgerðir sem er meiri fjöldi en nokkru sinni fyrr. Fjögur ár

eru nú liðin síðan ófrjósemisaðgerðir voru í fyrsta sinn fleiri meðal karla en kvenna. Síðan þá hefur munurinn milli kynjanna aukist, en árið 2008 voru karlar 65% þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir og konur 35%.

*Hildur Björk Sigbjörnsdóttir*

## SKYNSAMLEG LYFJANOTKUN Í HEILSUGÆSLUNNI

Á vegum klínískra leiðbeininga hjá Landlæknisembættinu er um þessar mundir staðið fyrir kynningar- og umræðufundum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um skynsamlega lyfjanotkun. Á fundunum er annars vegar kynnt hvaða lyf eru hagkvæmust í tilteknum lyfjaflokkum og hins vegar hvernig lækna í heilsugæslunni hafa ávísað á lyf í þessum flokkum á ákveðnu tímabili. Markmiðið með fundunum er að efla kostnaðarvitund heilsugæslulækna í vali á lyfjum, leiðbeina þeim um það sem betur má fara og skoða síðar hvort þessar leiðbeiningar skila sér í formi breyttra ávísana-venja.

Verkefni þetta er liður í að stuðla að hagkvæmri notkun lyfja í heilsugæslu í samræmi við það hlutverk landlæknis að hafa eftirlit með lyfjaávisunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna. Sigurður Helgason, ritstjóri klínískra leiðbeininga hjá Landlæknisembættinu og sérfræðingur í heimilislækningum, stendur fyrir fundunum af hálfu embættisins.


Kynningin sjálf byggist á könnun sem heilbrigðistölfraeðisvið embættisins hefur gert á ávísunum heilsugæslulækna á höfuðborgarsvæðinu á lyf í nokkrum algengum lyfjaflokkum, s.s.

blóðfitulækkandi lyfjum, blóðþrýstingslyfjum og lyfjum við maga-, vélinda- og bakflæðissjúkdómum, og voru notuð til þess gögn úr lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins.


Í könnuninni voru ávísanavenjur hverrar heilsugæslustöðvar skoðaðar í heild sinni á tímabilinu frá 1. febrúar 2009 til 1. ágúst 2009. Til samanburðar voru skoðaðar ávísanir á sömu lyf fyrir allt landið á tímabilinu. Sams konar könnun var gerð árið 2008 af hálfu Sjúkratrygginga Íslands og var hún höfð til hlíðsjónar.

*Ólafur B. Einarsson*

Hlutfallsleg skipting ávísana á algeng lyf við m.a. háþrýstingi og hjartabilun eftir dagskömmum (DDD) á einni heilsugæslustöð 1.2.2009–1.8.2009



Hlutfallsleg skipting ávísana á algeng lyf við m.a. háþrýstingi og hjartabilun eftir dagskömmum (DDD) á Íslandi 1.2.2009–1.8.2009



Heildarkostnaður ávísana á algeng lyf við háþrýstingi og hjartabilun 1.2.2009 ó 1.8.2009 á Íslandi

